

Reykjavík 23, nóvember 2018

Hildur Edwald, skjalaritari
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, nr. 44/2014 (gjaldtaka vísindasiðanefndar).

Undirritaður vill gjarnan koma á framfæri ábendingum um ofnaskráð frumvarp.

Í frumvarpinu vill ráðherra hefja sérstaka gjaldtöku af þeim er stunda vísindarannsóknir á Íslandi til að greiða kostnað Vísindasiðanefndar (VSN). Að mínu mati er hugmyndin slæm og augljóslega til þess fallin að fæla vísindamenn frá rannsóknum og vísindavinnu. Mér virðist bakgrunnur tillögunnar óljós og rök fyrir henni afar veik.

Í rökstuðningi nefna frumvarpssmiðir samanburð við önnur Norðurlönd. Það er afar athyglisvert í ljósi þess að í framlögum til vísindarannsókna stöndum við Íslendingar öðrum Norðurlandþjóðum langt að baki. Þar við bætist að innviðir rannsókna á Íslandi eru ekki öflugir. Sérstök skattheimta á þá sem af veikum mætti stundar vísindarannsóknir á Íslandi er letjandi og fráhrindandi. Erfitt er að sjá að slík gjaldtaka falli að markmiðum núverandi ríkisstjórnar sbr. "Efla á nýsköpun í heilbrigðismálum þannig að Ísland verði í fremstu röð og nýti sér nýjustu tækni á þessu sviði, þ.m.t. fjarlækningar". Fallegur texti um "Nýsköpun og rannsóknir" í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar rímar einnig illa við sérstaka innheimtu eða refsiskatt af vísindarannsóknum.

Í greinargerð með frumvarpinu segir í fyrstu setningu annarrar greinar að "Stefna heilbrigðisráðherra er að efla vísindarannsóknir á heilbrigðissviði". Þetta frumvarp er hins vegar letjandi og fráhrindandi, einmitt þegar miklar vonir stóðu til að núverandi stjórnvöld vildu raunverulega hvetja, efla og styrkja vísindarannsóknir.

Í frumvarpinu kemur fram að "... heimilt verði að gera undanþágu frá gjaldtöku fyrir nemendarannsóknir". Hér er vissulega ekki á vísan að róa þó slík heimild sé til staðar. Og málið getur verið nokkuð snúið. Í flestum rannsóknum sem ég stýri eða tek þátt í eru nemendur einnig þátttakendur. Hvernig á að meta þetta? Þegar farið er af stað með stóra rannsókn, t.d. doktorsrannsókn, er oft ekki vitað hvort nemi verði með í slíkri rannsókn. Á þeim tíma er ekki hægt að sækja um slíka undanþágu. Við þetta má bæta að undirbúningur og skipulag rannsókna er oft flókið ferli og vandasamt. Að bæta við einu þrepinu enn, það er að sækja auðmjúklega um undanþágu frá gjaldi til VSN upp á von og óvon getur ekki verið hvetjandi til rannsókna og nýsköpunar.

Ég hef stýrt fjölmörgum vísindaverkefnum nema undanfarin ár. Mörg þessara verkefna hafa augljóslega verið til mikils gagns fyrir heilbrigðiskerfið á Íslandi. Fæst hafa fengið nokkurn styrk eða umbun frá opinberum aðilum. Undirbúningur og útfærsla slíkra verkefna er umtalsverð vinna. Sú vinna er að stórum hluta unnin utan hefðbundins vinnutíma og því sem ógreidd yfirvinna. Þar við bætist að komi t.d. til birtinga niðurstaðna fylgir því kostnaður, stundum greiddur úr eigin vasa. Útlagður kostnaður vísindamanna við að efla rannsóknir eykst nú enn frekar vegna sérstakra gjalda til VSN/íslenska ríkisins.

Ég vil eindregið mæla með því að frumvarpið verði dregið til baka. Ég vil jafnframt nota tækifærið og skora á núverandi stjórnvöld að vinna að eflingu og styrkingu vísindastarfs á Íslandi. Ég tel fullkomlega eðlilegt að stjórnvöld beri kostnað VSN. Ég tel að nota ætti starf VSN til hvatningar til framgangs vísindavinnu, þ.m.t. hjá nemum. Áhugaverð hugmynd væri t.d. sú að ef vísindavinna (nema) sem samþykkt er af VSN leiðir til birtinga vísindagreina í viðurkenndum erlendum tímaritum mun sérstök fjárveiting VSN styðja við þá birtingu og taka þátt í birtingarkostnaði. Á þann hátt hvetja stjórnvöld frekar en letja til vísindastarfs á Íslandi.

Það er markmið núverandi stjórnvalda að efla nýsköpun og rannsóknir. Á öðrum Norðurlöndum, sem í greinargerðinni eru nefnd sem fordæmi, eru slíkar rannsóknir styrktar með ráðum og dád. Ástæðan er aukin þekking, betri nýsköpun, bætt gæði og meiri framfarir. Efling vísindarannsókna leiðir til margs konar ávinnings þegar fram í sækir, m.a. bættrar heilsu og betra lífs. Efling vísindarannsókna er gott, göfugt og skynsamlegt markmið.

Virðingarfyllst,

Ásgeir Haraldsson, prófessor í barnalækningum
yfirlæknir og forstöðumaður fræðasviðs, Barnaspítala Hringins,
Landspítali - háskólasjúkrahús
101 Reykjavík

asgeir@lsh.is